

**FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTI**

Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. júní 2022

**EFNI: TILLAGA TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í MÁLEFNUM INNFLYTJENDA FYRIR ÁRIN 2022-2025.**

UMFÍ fagnar því að tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 er á borði ráðherra og Alþingis. Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi er einmitt lykillinn að vellíðan þeirra, bæði á uppvaxtarárum og langt inn á fullorðinsár. Með vellíðan er átt við andlega, líkamlega og félagslega vellíðan.

Málefnið er mikilvægt enda 57.126 einstaklingar af erlendum uppruna / erlendu bergi brotnir búsettir á Íslandi. Það jafngildir 15,5% af öllum mannfjölda hér á landi. Nýjum Íslendingum af annarri kynslóð fjölgar í samræmi við þetta.

Eins og fram kemur í þingsályktuninni er þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna mun minni í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi en jafnaldra þeirra með íslenskan bakgrunn. Gott er að sjá að miðað er við nýtingu hópsins á frístundastyrkjum. En þetta segir samt ekki alla söguna því frístundakort hafa verið notuð til annarra hluta en niðurgreiðslu á íþróttastarfi. Mögulegt er jafnframt að nota það til kaupa á árskortum í líkamsræktarstöðvum og tungumálanámskeiðum. Af þeim sökum er ekki útilokað að notkun frístundakorts til niðurgreiðslu á skipulögðu íþróttastarfi geti í raun verið minni en talið er, þ.e.a.s. ef miðað er við notkun frístundastyrkja.

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) hafa um árabíl unnið með fyrirtækinu Rannsóknnum og greiningu (R&G) sem hefur lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum landsins.

Niðurstöður könnunarinnar kallast Ánægjuvogin og tengjast spurningarnar íþróttum og íþróttaiðkun. Svarhlutfall er ævinlega í kringum 85%. Niðurstöður kannana Rannsókna og greininga benda til að tengsl eru á milli iðkunar í skipulögðu íþrótta-

og frístundastarfi og æskilegrar hegðunar. Börn og ungmenni sem stunda íþróttir með íþróttafélagi oftast í viku eru ólíklegri en önnur börn utan starfsins til að neyta vímuefna og leiðast út í annars konar óæskilega hegðun. Niðurstöður kannananna benda jafnframt til að tengsl eru á milli íþróttaiðkunar í skipulögðu starfi við aðra þætti eins og námsárangur, andlega, líkamlega og félagslega heilsu og sjálfsmynd viðkomandi.

Forvarnargildi skipulags íþróttar- og tómstundastarfs er því óumdeilt.


Í niðurstöðum kannana Rannsóknar og greiningar kemur fram að þeir nemendur sem eru virkir í skipulögðu íþróttastarfi líður betur en jafningjum þeirra og jafnöldrum og vinna börn og ungmenni í þessum hópi betur með öðrum en þeir sem ekki stunda íþróttir í skipulögðu starfi.

**Og kemur þá að lykilatriði:** Kannanir Rannsóknar og greininga sýna að um 90% barna í hverjum þeim árgangi sem tók þátt í Ánægjuvoginni stundaði íþróttir með íþróttafélagi á einhverjum tímamarki. Þar af æfir 61% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftast. Þeim hópi líður jafnframt betur, metur heilsu sína góða og eru ungmennin síðar líkleg til að sýna af sér frávíkshæðun en þátttakendur í könnuninni sem stóðu utan íþróttafélaga.

UMFÍ og ÍSÍ stóðu í maí 2022 fyrir málþinginu *Vertu með! Aukin þátttaka barna og ungmenna af erlendum uppruna í íþróttum*. Þingið var afar vel sótt og sýndu fjölmiðlar því mikinn áhuga. Á málþinginu kynnti fulltrúi Rannsóknar og greiningar nýjar niðurstöður úr könnun fyrirtækisins í grunnskólum landsins.

Niðurstöðurnar voru sláandi.


Stunda nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi.  
Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk á landinu í heild árin 2015-2021



Grafið hér að ofan sýnir að árið 2015 stunduðu 73% nemenda í 5., 6. og 7. bekk íþróttir með íþróttafélagi og 27% ekki. Jafnaldrar viðmiðunarhópsins frá heimilum þar sem íslenska var eingöngu töluð gerðu það í mun meiri mæli eða 88%. Breytingin var sáralítill árið 2021 fyrir utan að hópurinn stækkaði í hópi þeirra sem ekki stunda íþróttir í grunnskóla og eru frá heimilum þar sem annað mál en íslenska er töluð.

Svipuð þróun er í efri bekkjum grunnskóla.

Stunda nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi.  
Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk á landinu í heild árin 2014-2022



Hér má sjá að aðeins 45% nemenda í 8., 9. og 10. bekk stunda íþróttir frá heimilum þar sem einungis var talað annað tungumál en íslenska.

Breytingin er nær engin árið 2022.

Upplýsingar Rannsóknna og greininga benda jafnframt til að staðan er verst hjá stúlkum í 10. bekk þar sem aðeins er talað annað tungumál en íslenska á heimilinu því 71% þeirra stunda nær aldrei íþróttir með íþróttafélagi borið saman við 45% stúlkna í 10. bekk þar sem eingöngu er töluð íslenska á heimilinu.

Á málþinginu áður nefnda kom fram að mikilvægt er að kynna starfsemi íþrótt- og tómstundastarfs fyrir forráðamönnum barna og ungmenna af erlendum uppruna. Sveitarfélög og forsvarsfólk íþróttafélaga hefur líka lagt áherslu á að ná til barna og fjölskylda í þessum hópi með ýmsum aðferðum.

UMFÍ og ÍSÍ hafa unnið að þessu og veitt íþróttafélögum styrki til að kynna starf sitt betur. Aðferðirnar eru fjölbreyttar en árangursríkar og sérsniðnar fyrir hvern stað fyrir sig enda miða þær allar að því að ná betur til barna og foreldra þeirra af erlendu bergi brotið.

Á meðal aðferða ÍSÍ og UMFÍ er að þýða bæklinga um íþróttastarf á ýmis tungumál, þýða vídeó um gildi íþróttastarfs á sömu tungumál, eiga samskipti við kennara í grunnskólum, kynna íþróttastarf í grunnskólum og fleira í þá veru.

Lögð er mikil áhersla á að ná betur til barna og ungmenna en ekki síður til fullorðinna einstaklinga til að upplýsa viðkomandi um gildi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Mikill hagræði er í því að fjölga þeim sem stunda íþróttir.

Það:

- a) Auðveldar viðkomandi einstaklingi og / eða fjölskyldu að eignast nýja kunningja, vini og vinkonur og aðlagast nýju samfélagi.
- b) Bætir andlega og líkamlega líðan einstaklinga af erlendum uppruna.
- c) Iðkun dregur úr líkum á að viðkomandi leiðist út í áhættuhegðun.
- d) Þátttaka einstaklinga af erlendu bergi brotið eykur fjölbreytileika og eflir íslenskt samfélag og menningu.

## Tillaga UMFÍ:

UMFÍ leggur til að stjórnvöld tryggi fjármagn og vinni með afar virkum hætti með íþróttafélögum um allt land að kynningu fyrir fólk af erlendu bergi brotið á gildi skipulags íþróttastarfs og gera félögunum kleift að vinna eftir megni að því að ná betur til fólks af erlendu bergi brotið. Það þarf að gerast á þeim fjölbreyttu tungumálum sem fólk talar á Íslandi. Að sama skapi þarf að beita mismunandi aðferðum við að koma upplýsingunum til skila. Það væri mögulegt að vinna fyrir milligöngu UMFÍ og / eða ÍSÍ sem myndu fá bolmagn til að styðja íþróttafélög um allt land til sinna verkefninu.

## Saman erum við öll betri

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ, að langmestu leyti íþróttafélög. Iðkendur eru að stórum hluta börn og ungmenni og félagsfólk foreldrar þeirra.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,  
f.h. Ungmennafélags Íslands

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
kynningarfulltrúi UMFÍ

t-póstur: [jon@umfi.is](mailto:jon@umfi.is)

sími: 568 29 29